



## Skipulagsnefnd Skaftárhrepps Fundargerð

Fundur nr. 114 haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, miðvikudaginn 9. desember 2015 klukkan 15:00. Mættir eru fundarmenn Davíð Andri Agnarsson varaformaður nefndarinnar, Jóhannes Gissurarson, Guðbrandur Magnússon, Bjarki Guðnason og Gústaf Pálsson sem kemur inn sem varamaður fyrir Kristbjörgu Hilmarsdóttir. Auk þess situr fundinn fulltrúi skipulags –og byggingarmála Vigfús Þór Hróbjartsson.

### Dagskrá:

### Skipulagsmál:

#### 1. Hesthúsasvæði – Deiliskipulag

*Mætt til fundar formaður hestamannafélagsins Kóps Kristín Ásgeirsdóttir og gjaldkeri Gunnar Pétur Sigmarsson*

Lagt eru fyrir nefndina frumdrög af deiliskipulagi hesthúsasvæðis á Kirkjubæjarklaustri. Innan svæðisins er gert ráð fyrir reiðhöll, skeiðvelli, hesthúsabyggð og bílastæðum. Lagt fram til frekari vinnslu.

*Athugasemdir að hálfu hestamannafélags:*

- *Gert væri ráð fyrir of mörgum hesthúsum innan skipulagsins. Að hámarki verði gert ráð fyrir 6 húsum.*
- *Vantar að skilgreina áhorfendapall við völinn, aðstöðuhús og dómpall*
- *Gera ráð fyrir kerruplani*
- *Innan reiðhallar verði gert ráð fyrir salernisaðstöðu og veitingaaðstöðu*
- *Innan aðstöðuhúss verði gert ráð fyrir salernisaðstöðu og kaffiaðstöðu.*

*Fulltrúum hestamannafélagsins falið að halda áfram með vinnslu tillögunnar og bera undir félagafund hestamannafélagsins. Tillögum verði skilað inn til fulltrúa skipulags –og byggingarmála til frekari vinnslu.*

*Kristín og Gunnar yfirgefa fundinn.*

*Beiðni frá fulltrúa skipulags –og byggingarmála að tekið verði inn mál utan auglýstrar dagskrár: Samþykkt*

#### 2. Orustustaðir – Beiðni um umsögn vegna tilkynningarskýrslu frá Skipulagsstofnun

Lögð er fyrir nefndina tilkynningarskýrsla vegna matskyldu framkvæmda að Orustustöðum.

*Nefndin telur að viðkomandi tilkynningarskýrsla sé í samræmi við aðalskipulag Skaftárhrepps og deiliskipulag vegna hótels í landi Orustustaða sem samþykkt var úr sveitarstjórn þann 26. október síðastliðinn. Nefndin telur ekki að framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum miðað við þær forsendur sem hún hefur.*

*Nefndin telur að nægjanlega vel sé gert grein fyrir umfangi framkvæmdarinnar, umhverfi, mótvægisáðgerðum og vöktunum.*

DAA

A

*Viðkomandi framkvæmdir inna svæðisins eru háðar veitingu framkvæmdaleyfis sbr. Reglugerð nr.772/2012. Allar byggingarframkvæmdir eru háðar veitingu byggingarleyfis í samræmi við skilmála byggingarreglugerðar nr.112/2012 Að öðru leiti er ekki gerð athugasemd við tilkynningarskýrslu.*

**3. Gestastofa / Þekkingarsetur – Skýrsla Umhverfissráðherra**

Lögð er fyrir nefndina skýrsla Bjarna Reynarsson unnin fyrir Umhverfissráðherra haustið 2015. Skýrslan er lögð fram til umræðu.

**4. Gestastofa / Þekkingarsetur – Staðsetning**

Staðsetning gestastofu og þekkingarseturs hefur verið ákveðin í aðalskipulagi Skaftárhrepps sbr. Samþykkt frá fundi skipulagsnefndar 26.október 2015 á staðfestingu á breyttu aðalskipulagi. Nú er unnið að því að beiðni Vatnajökulspjóðgarðs, Umhverfissráðherra og Framkvæmdasýslu ríkisins að endurmeta stöðuna og greina betur hvort aðrar staðsetningar komi til greina við val á staðsetningu gestasofu / þekkingarseturs. Lagt fyrir nefndina til afgreiðslu.

*Skipulagsnefnd hefur nú þegar tekið afstöðu til staðsetningar þekkingarsetur með breytingu á aðalskipulags Skaftárhrepps í október 2015. Engin formlega beiðni um aðra staðsetningu hefur borist til afgreiðslu nefndarinnar og telur nefndin því ekki ástæðu til að taka afstöðu til annarar staðsetningar að svo komnu máli.*

**5. Strútslaug – Deiliskipulag**

Lagt er fyrir nefndina drög af deiliskipulagi fyrir Strútslaug til umsagnar frá Rangárþingi Ytra. Um er að ræða deiliskipulag fyrir 18 m<sup>2</sup> skýli og hreinlætisaðstöðu við Strútslaug í Hólmsárbotnum.

*Nefndin gerir ekki athugasemd við framlögð drög af deiliskipulagi við Strútslaug.*

**Byggingarmál:**

**6. Klausturvegur 6 – Viðbygging hótels.**

Lagðar eru fram teikningar vegna uppbyggingar á Icelandair hotel Klausturvegi 6. Bær ehf. kt. 481074-0539 sækir um byggingarleyfi fyrir viðkomandi framkvæmdum. Ekki er deiliskipulag í gildi fyrir svæðið og framkvæmdin því tekin til afgreiðslu nefndarinnar samkv. 44.skipulagslaga nr.123/2010.

*Nefndin gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis að undangenginni grendarkynningu í samræmi við 44.gr.skipulagslaga. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu.*

**7. Sauðagata 12 – Gestahús**

Lagt er fyrir nefndina beiðni frá Auði Hafstað Ármannsdóttir þar sem óskað er eftir leyfi til að reisa gestahús í 30 m fjarlægt frá núverandi sumarhúsi Sauðagötu 12. Um er að ræða 35 m<sup>2</sup> húsi samkv. meðfylgjandi uppdráttum. Húsið er ætlað fyrir útleigu til ferðamanna. Viðkomandi beiðni rúmast ekki innan skipulagsskilmála svæðisins og er því tekið til afgreiðslu skipulagsnefndar.

*Nefndin gerir ekki athugasemd við veitingu byggingarleyfis að undangenginni grendarkynningu í samræmi við 44.gr.skipulagslaga. . Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu. Nýtt deiliskipulag svæðisins skal lagt fram ekki síðar en lok í febrúar 2016.*

Fleira ekki gert fundi slitið 18:00



